

Nd. **736. Frumvarp til laga** [165. mál]

um breyting á lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum.

(Eftir 3. umr. í Ed., 17. apríl.)

1. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra getur þó, þar sem brýn nauðsyn krefur, tímabundið leyft slátrun í sláturhúsum sem ekki eru svo úr garði gerð að löggilding geti farið fram á þeim ef yfirdýralæknir eða hlutaðeigandi héraðsdýralæknir telja slátrun og meðferð sláturafurða geti tekist þar á viðunandi hátt. Undanþágu má þó ekki veita nema til 1. júní 1986.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.